



Stéttarfélag Vesturlands

Alþýðuhúsinu - Sæunnargötu 2a
310 Borgarnes

Sími: 430 0430 - Fax: 430 0431

stettvest@stettvest.is

www.stettvest.is

Kröfur Stéttarfélags Vesturlands á hendur Samtökum atvinnulífsins vegna kjarasamninga sem renna út 31. október 2022

Kröfur Stéttarfélags Vesturlands(SA) vegna kjarasamninga sem losna 31. október 2022 eru byggðar á kjarakönnun sem gerð var meðal félagsmanna. Frá því að sú könnun var gerð á liðnum vetri hefur staða launafólks versnað umtalsvert, vegna aukinnar verðbólgu og hækkandi vaxta. Það mun því reyna á samningsaðila að finna lausnir sem geta fært launafólki bætt kjör og aukinn kaupmátt á næstu misserum. Samninganefnd Stéttarfélags Vesturlands tók þá ákvörðun að fara sjálf með samningsumboð vegna kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins(SA) fyrir verkafólk í Starfsgreinasambandinu og fyrir verslunar- og skrifstofufólk í Landsambandi íslenskra verslunarmanna. Umboð vegna lðnsveinadeildar félagsins er hjá Samiðn.

Félagið telur að miðað við aðstæður í samfélaginu, eftir heimsfaraldur og það stríð sem geysar í Evrópu, þá sé ljóst að ríkisvaldið þurfi einnig að koma að gerð þessa kjarasamninga. Samninganefnd ASÍ hafa verið afhentar kröfur SV á hendur ríkisvaldinu. Það var gert í júní sl. en verður e.t.v. endurskoðað síðar. Kröfur SV á ríkisvaldið fylgja hér með, þar sem samninganefnd félagsins telur að um margt sé það sameiginlegt verkefni aðila vinnumarkaðarins að ná þeim fram.

Samninganefnd Stéttarfélags Vesturlands, samþykkti meðfylgjandi kröfur vegna komandi kjarasamninga, bæði á hendur atvinnurekendum og ríkisvaldinu:

Kröfur til atvinnurekenda almennt:

- Auka kaupmátt launa og hækka taxtalaun þannig að lægsti taxti verði lágmarkslaun, hugtakið lágmarkstekjutrygging falli niður.
- Hækka lægstu laun umfram önnur laun.
- Stytta vinnuviku í 36 klst. án skerðingar á launum hjá öllum.
- Áunnin réttindi svo sem orlof, veikindaréttur og launaröðun haldist milli fyrirtækja.
- Fjölga orlofsdögum – hraða ávinnslu

Stf SES

- Breyta launuðum dögum vegna veikinda barna í rétt vegna veikinda nákominna ættingja.
- Samningar gildi frá þeim tíma sem síðustu samningar renna út.

Þetta eru þau atriði sem félagið leggur megináherslu á, en áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur eða breyta áherslum eftir því sem viðræður ganga fram. Félagið vill gjarnan ræða útfærslur s.s. hugmyndir um breytta launatöflu, mat á menntun við ákvörðun launa, sem og möguleika launafólks til að stunda starfstengt nám í vinnutíma. Auk þessa hefur félagið miklar áhyggjur af framkomu margra launagreiðenda við starfsfólk, skort á skilningi stjórnenda á nauðsyn þess að gera ráðningarsamninga, setja fram vaktskrár, sem og á lögum um hámarks vinnutíma og greiðslur fyrir skertan hvíldartíma.

SV telur að SA sé skylt að upplýsa sína félagsmenn betur en raun ber vitni.

- **Kröfur á hendur ríkinu:**
Hækka persónuafslátt/skattleysismörk
- Hækka húsnæðisbætur ásamt barna- og vaxtabótum, þannig að neðri skerðingarmörk fylgi a.m.k.lágmarkslaunum eins og þau eru á hverjum tíma.
- Efla húsnæðiskerfi hvort sem er til leigu eða eignar.
- Fjölga skattþrepum – taka upp hátekjuskatt og skattleggja fjármagnstekjur yfir eðlilegum sparnaði launafólks, eins og launatekjur.
- Bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu
- Auka samstarf milli ríkis og sveitarfélaga vegna félagsþjónustu
- Útrýma launamun kynjanna.

Þessar meginkröfur Stéttarfélags Vesturlands voru samþykktar af Samninganefnd félagsins 28. apríl sl.

Félagið ítrekar að það telur að e.t.v. geti verið nauðsynlegt að koma fram með frekari útfærslur og jafnvel nýjar kröfur þegar líður á kjaraviðræðurnar. Ekki síst vegna óstöðugs efnahagslífs og þeirrar óvissu sem ríkir í umhverfinu.

Lagt fram á fundi hjá Samtökum Atvinnulífsins 6.10. 2022

Fh. Samninganefndar Stéttarfélags Vesturlands

*Sigrún Jökumsdóttir
Sigrún Stangnisdóttir*

Viðræðuáætlun

vegna endurnýjunar kjarasamninga Samtaka atvinnulífsins (SA) og Stéttarfélags Vesturlands, sem renna út 1. nóvember 2022.

Áætlunin er gerð á grundvelli 2. mgr. 23. gr. laga nr. 80/1938

1. grein

Markmið

Markmið þessarar viðræðuáætlunar er að aðilar nái að endurnýja kjarasamninga aðila fyrir 1. nóvember 2022 þegar gildandi samningar renna út.

2. grein

Gildissvið

Viðræðuáætlunin tekur til aðalkjarasamnings/samninga, sérsamninga og annarra samninga sem falla undir eða eru hluti aðalkjarasamnings/samninga.

3. grein

Kröfur samningsaðila

Skriflegar kröfur beggja aðila verði tvískiptar:

a) Sérstakur óskir um breytingar á ákvæðum gildandi kjarasamnings/samninga, öðrum en þeim er lúta að launaliðum um byrjun október 2022. Viðræður verði skipulagðar um einstaka þætti.

b) Launaliði. Fyrri hluta október liggja mótaðar tillögur um launaliði fyrir. Jafnframt verða aðrir þættir kjarasamnings/samninga ræddir að því marki sem lausn ágreiningsefna um þá kann að tengjast samningum um launaliði.

Viðbrögð samningsaðila við framlögðum kröfum skulu vera skýr og málefnaleg.

4. grein

Fyrirkomulag samningaviðræðna og fundaáætlun

Gerð skal sameiginleg fundaáætlun fyrir tímabilið sem viðræðuáætlunin tekur til. Fundir verði skráðir sem og efni þeirra og framlögð gögn. Samningsaðilar virði að fremsta megni fundaáætlun og samkomulag um vinnutilhögun.


5. grein

Endurskoðun viðræðuáætlunar

Hafi aðilar ekki lokið endurnýjun kjarasamnings fyrir lok október 2022 munu þeir sameiginlega meta stöðu viðræðna með tilliti til þess, hvort þeim verði fram haldið á grundvelli framlengdrar viðræðuáætlunar eða málinu vísað til ríkissáttasemjara sameiginlega eða að hvorum aðila um sig.

Reykjavík, 6. október 2022

F.h. Stéttarfélags Vesturlands


Sigrún Frimmsdóttir
Silya Eyrún Steingrimsdóttir

F.h. Samtaka atvinnulífsins

